



ÖLDRUNARFRÆÐA FÉLAG ÍSLANDS

Aðalfundur Öldrunarfræðafélags Íslands
Föstudaginn 12.03.2021 kl. 16:00
Alzheimersamtökin Hátún 10 – fundarsal Setursins

Fundarstjóri: Líney Úlfarsdóttir
Fundarritari: Laufey Jónsdóttir

Dagskrá aðalfundar:

1. Skýrsla stjórnar og vísindasjóðs.

Sigurbjörg Hannesdóttir formaður flutti skýrslu stjórnar. Stjórn ÖLD 2019-2020 var skipuð eftirfarandi aðilum: Sigurbjörg Hannesdóttir formaður, Sirrý Sif Sigurlaugsdóttir varaformaður, Ragnheiður Kristjánsdóttir gjaldkeri, Laufey Jónsdóttir ritari og Sigrún Huld Þorgrímsdóttir meðstjórnandi. Steinunn var varamaður og sat enga fundi og var ekki virkjuð. Stjórn taldi ekki nauðsynlegt að finna annan varamann frá síðasta aðalfundi. Stjórnarfundir voru haldnir ca. mánaðarlega og um var að ræða fjarfundi.

Á árinu var boðið upp á tvo fræðslufundi. Ákveðið var að breyta út frá venjunni vegna Covid og bjóða upp á rafræna fræðslu fyrir alla. Mjög góð þátttaka var og mikil ánægja. Ingrid Kuhlman var með fræðslu 29.október undir yfirskriftinni Hlúum að andlegri vellíðan á óvissutímum. Hildur I Ingadóttir sjúkraþjálfari var með fræðslu 3.desember undir yfirskriftinni Væntumþykja í verki – við getum öll gert gagn.

Félagið styrkti ráðstefnu á vegum Listaháskóla Íslands hönnunar um Arkitektúr, líkama og skynjunar, heilbrigðisstofnana og annarra mannvirkja með heilsu og vellíðan í huga.

Umsagnartillögur til þingsályktunar frá nefndarsviði Alþingis Velferðarnefnd Alþingis eru sendir ÖLD reglulega til umsagnar tillögu til þingsályktunar um ýmis mál. Formaður sendir á stjórn ÖLD og óskar eftir athugasemdum, stjórnarmenn senda á formann sem gerir samantekt og sendir fyrir hönd stjórnar ef þess er þörf.

Félagatal var uppfært og netfangalistinn. Það er stöðug vinna og þurfum að finna betri leið til að vera í sambandi við félagsmenn.

Gögn ÖLD sem geymd voru hjá RHLÖ eru núna geymd hjá Alzheimersamtökunum og á Hrafnistu. Verkefni næsta tímabils verður að fara í gegnum og finna hentugan geymslustað. Þessi vinna heldur áfram frá 2020.

Norrænu öldrunarráðstefnunni 25nkg.is var frestað á árinu 2020 vegna Covid-19. Ný dagsetning fyrir ráðstefnuna er 2.- 5. júní 2021 og verður hún með rafrænum hættir. Nýtt fyrirkomulag er hægt að skoða á heimasíðu ráðstefnunnar www.25nkg.is. Sigurbjörg Hannesdóttir, Sirrý Sif Sigurlaugardóttir og Ragnheiður Kristjánsdóttir eru í skipulagsnefnd ráðstefnunnar fyrir hönd Öld. Eftir að ákvörðun var tekin um að fresta ráðstefnunni hefur mikil vinna farið fram í nefndinni og margir fundir verið haldnir. Ákveðið var að láta tímann líða þar til hægt væri að meta ástandið í þjóðfélaginu. Vinna í nefnd hófst aftur haustið 2020 og ákveðið var um áramót 2020/2021 að vera með rafræna ráðstefnu. Mikill kostnaður hefur verið við ráðstefnuna og vegna ófyrirsjáanlegra atburða þá hefur stjórn ÖLD og FÍA óskað eftir auknum fjárstuðningi frá stjórn NGF. Sú vinna er ennþá í gangi og ekki séð hvort fjárhagslegt tap verði á ráðstefnunni sem ÖLD mun að hluta til borgar.

Að lokum vildi formaður ÖLD sem nú er að hætta í stjórn þakka fyrir samstarfið á liðnum árum í stjórninni. Að hennar mati hefur starfið verið mikil áskorun og gaman að starfa sem formaður félagsins. Starfandi hefur verið sterk þverfagleg stjórn með miklum frumkvöðlum. Formaður mun halda áfram að starfa með félaginu þar til ráðstefnunni í júní er lokið og sitja áfram í skipulagsnefnd norrænu öldrunarráðstefnunnar. Skýrsla lögð fram og samþykkt.

Ingibjörg Hjaltadóttir flutti skýrslu Vísindasjóðs. Í stjórn Vísindasjóðs Öldrunarfræðafélags Íslands eru: Ólöf Guðný Geirsdóttir, PhD, næringarfæðingur og dósent hjá Matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands, Guðrún Björk Reykdal, MA, félagsráðgjafi og staðgengill framkvæmdastjóra gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar í Félagsmálaráðuneyti, Ingibjörg Hjaltadóttir formaður Vísindasjóðs, PhD, Sérfræðingur í öldrunarhjúkrun á meðferðarsviði Landspítala og prófessor við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands.

Á árinu 2020 voru veittar 300.000 kr. úr vísindasjóði til vísindarannsókna. Fimm umsóknir bárust í sjóðinn allar áhugaverðar og vandaðar. Ákveðið var að veita einn styrk og var styrkþegi: Ragnheiður Guðmundsdóttir, hjúkrunarfræðingur og meistaranemi í heilbrigðisvísindum við Háskólann á Akureyri. Heiti rannsóknarinnar er: „Aldraðir og sjálfsvanræksla – viðhorf, reynsla og sýn hjúkrunarfræðinga.“ Leiðbeinandi hennar er Dr. Kristín Þórarinsdóttir, dósent. Skýrsla lögð fram og samþykkt.

2. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar.

Ragnheiður Kristjánsdóttir gjaldkeri kynnti reikninga félagsins. Hugsanlegt tap er af ráðstefnunni í júní sem þarf að bregðast við. Ragnheiður leggur til að það fjármagn sem áætlað var í vísindasjóð og ekki notað verði notað í norrænu ráðstefnuna. Reikningar lagðir fram og samþykktir.

3. Kosning stjórnar, sbr. 6.gr.

Laust er í sæti Sigurbjargar sem hefur verið í 8 ár. Sigrún Huld óskar eftir að láta af störfum. Laust er sæti iðjupjálfa og hjúkrunarfræðings. Tvö framboð komu fram og eru það Sunna Kristinsdóttir iðjupjálfi og Margrét Guðnadóttir hjúkrunarfræðingur.

Sunna sjálfkjörin og Margrét sjálfkjörin.

Í stjórn fyrir starfsárið 2021-2022 eru: Sirrý Sif Sigurlaugardóttir formaður, Laufey Jónsdóttir varaformaður, Ragnheiður Kristjánsdóttir gjaldkeri, Sunna Kristinsdóttir verður meðstjórnandi og Margrét Guðnadóttir ritari.

4. Kosning stjórnar Vísindasjóðs félagsins, sbr. 8.gr.

Allir sem nú sitja gefa kost á sér til að halda áfram í stjórn vísindasjóðs.

5. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga til eins árs.

Líney Úlfarsdóttir og Pétur Þorsteinsson gefa kost á sér áfram. Samþykkt samhljóða.

6. Árgjald ákveðið.

Stjórn leggur til að árgjald sé óbreytt kr. 2.000. Samþykkt samhljóða.

7. Lagabreytingar , sbr. 11. gr.

Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum.

8. Önnur mál.

Sigurbjörgu voru færðar þakkir fyrir framlag hennar til stjórnarstarfa í félaginu. Að loknum aðalfundi fór fram úthlutun styrkja úr vísindasjóði félagsins.

Fundi slitið kl. 17.15.